

Líkan Dunn og Dunn um námsstíl

Umhverfispættir

Hljóð

Hvers konar hljóðumhverfi velur þú þegar þú einbeittir þér að námi og verkefnavinnu? Viltu hafa kyrrð, tónlist eða jafnvel skarkala?

Birta

Hvernig birtu velur þú þegar þú einbeittir þér að námi og verkefnavinnu? Viltu mikla birtu eða litla?

Hitastig

Hvaða hitastig viltu hafa þegar þú einbeittir þér að námi og verkefnavinnu? Viltu vera í svölu eða hlýju umhverfi?

Aðstaða

Hvernig vinnuaðstöðu viltu hafa þegar þú einbeittir þér að námi og verkefnavinnu? Viltu sitja á stól við borð, sitja í sófa, liggja á gólfi eða eitthvað annað?

Tilfinningalegir þættir

Áhugahvöt

Hvers konar og hversu mikla hvatningu þarftu til náms og verkefnavinnu. Er það innri eða ytri hvöt sem drífur þig áfram? Vekur efnið áhuga þinn, þarftu hvatningu félagahóps eða þarftu hvatningu og styrkingu frá leiðbeinanda?

Úthald

Hversu mikið úthald hefur þú við nám og verkefnavinnu? Viltu þú einbeita þér að einu verkefni þar til því líkur eða hentar þér að fást við verkefni í stuttan tíma og snúa þér svo að öðru, eða vinna að mörgum verkefnum á sama tíma?

Ábyrgð

Hversu mikla ábyrgð viltu axla á námi þínu og verkefnavinnu? Viltu vinna á eigin forsendum og fá mikið svigrúm eða hentar þér að hafa skýran ramma, sterka og tíða leiðsögn.

Skipulag

Hversu mikið skipulag viltu hafa á verkefnum þínum og námi. Viltu fá nákvæm fyrirmæli, leiðbeiningu um verklag og væntingar til þín eða viltu eingöngu vita markmið og þú síðan velur þína eigin leið að því?

Félagslegir þættir

Einn eða hópur

Í hversu miklum mæli hentar þér að vinna ein/n að verkefnum eða með öðrum eða veltur það á gerð verkefnanna?

Lítill eða stór hópur

Hvort hentar þér að vinna í tveggja manna hópi eða stórum hópi?

Stjórnandi

Hvernig gengur þér að vinna með stjórnanda? Hentar þér betur að vinna í hópi jafningja eða þegar formlegur stjórnandi stýrir vinnu?

Fjölbreytni

Viltu takast á við fjölbreytt og ólík verkefni þegar þú ert að tileinka þér nýja og flókna þekkingu eða hentar þér betur að fást við verkefni sem eru sambærilega að uppbyggingu.

Lífeðlisfræðilegir þættir

Skynfæri

Hvaða skynfæri gagnast þér best við að tileinka þér nýja þekkingu og leikni þ.e. að sjá, heyra, finna og gera. Að sjá felur m.a. í sér að lesa texta, sjá myndir, kort og myndrit. Að heyra felur m.a. í sér að hlusta á upplestur og tónlist. Að finna og gera felur m.a. í sér að skrá glósur og búa til líkön.

Fæði

Hentar þér að borða, drekka eða tyggja til þess að stuðla að meiri einbeitingu við nám og verkefnavinnu?

Tími

Á hvaða tímum sólarhringsins gengur þér best að einbeita þér að námi?

Hreyfing

Getur þú setið langa stund án hreyfingar þegar þú einbeitir þér að námi og verkefnavinnu eða hentar þér að geta staðið, gengið um eða breyta líkamsstöðu?

Sálfræðilegir þættir

Hluti – heild

Hvort gagnast þér betur að sjá fyrst verkefnið í heild sinni og áætlaða útkomu og síðan vinna að einstökum hlutum þess (heild og svo hlutar) eða að einbeita þér að hverjum hluta verkefnisins í réttri röð til þess að byggja upp skilning á heildinni (hlutar og svo heild).

Hvel

Hvort heilahvelið nýtir þú meira til náms? Ertu greinandi og rökrænn í námi og verkefnavinnu eða skapandi og heildræn/n?

Hraði

Hversu fljót/ur ertu að hugsa? Ertu hvatvís og fljót/ur að taka ákvarðanir eða fellur þér betur að taka þér góðan tíma og hugleiða alla möguleika og meta þá vel áður en þú tekur ákvörðun?

Þýtt og staðfært: HG. Heimild: Dunn og Dunn